

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2458  
komudagur 19.5.2010

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Hafnarfjörður, 17.05.2010  
Tilv. 0015/2010 - 60.12

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 27. apríl sl., þar sem Fiskistofu er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (tilfærsla aflaheimilda), 468. mál.


Fiskistofa þakkar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd fyrir að fá ofangreint lagafrumvarp sent til umsagnar. Fiskistofa telur það ekki vera á verksviði sínu að taka afstöðu til efnis frumvarpsins en vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina.

Að mati Fiskistofu eru ákvæði frumvarpsins framkvæmanleg að því leyti sem ætla má að það yrði á verksviði Fiskistofu að annast þá framkvæmd. Verði frumvarpið óbreytt eða lítt breytt að lögum mun það þó fyrirsjáanlega hafa í för með sér nokkra aukningu og / eða viðbót á verkefni Fiskistofu á þessu sviði.

Verði frumvarpið að lögum má einnig ætla að það kunní að leiða til aukinnar eftirspurnar eftir aflamarki í þeim tegundum sem einkum eru nýttar til þeirra úthlutuna sem vísað er til í frumvarpinu og gæti það leitt til að markaðsverð aflamarks í þeim hækkaði eitthvað frá því sem það annars yrði.

Þá vill Fiskistofa benda á, að ef ráð er fyrir því gert að útgerðir skipa sem ekki hefðu nægilegt aflamark í þeim tegundum sem til frádráttar kæmu yrði frumvarpið að lögum, annað hvort gætu ekki, t.a.m. vegna lítils framboðs á aflamarki eða vildu af einhverjum ástæðum ekki flytja til þeirra nægilegt aflamark til að mæta frádregnu aflamarki, eigi að greiða gjald samkvæmt lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, með síðari breytingum, þyrfti að huga að því hvort gera þurfi einhverjar breytingar á þeim lögum og/eða lögum nr. 116/2006 til að tryggt verði að slík álagning hefði örugga stoð í lögum.

Virðingarfyllst,

  
Arni Múli Jónasson,  
fiskistofustjóri